

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad 21. júní  
mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. júní 1928. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi.**

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi“. Stofnfje sjóðsins er 450.00 (fjögur hundruð og fimtíu) krónur.

### 2. gr.

Sjóðurinn tekur við hverskonar gjöfum og áheitum, og ennfremur fje sem inn kemur fyrir minningarspjöld, ef þau skyldu verða útgefin.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að líkna fátækum sængurkonum í Borgarhreppi hinum gamla (Borgar og Borgarneshreppum), sem var síðasta umdæmi hennar. Ef ástæður sjóðsins síðar leyfðu, og stjórn sjóðsins álitu það hægt, án þess að höfuðtilgangi sjóðsins sje hnekt, þá má einnig láta munaðarlaus börn njóta styrks af honum.

### 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, eða að nokkru leyti í tryggum sparisjóði.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan skipuð 3 konum, sem kosnar eru til 3 ára af kvenfjelaginu „Líknarhöndin“. Sundrist það fjelag, þá af þeim konum í Borgarhrepp, sem atkvæðisrjett hafa í sveitarmálum.

Stjórnarkonur skifta sjálfar með sjer verkum, og vinna kauplaust.

### 6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 2000 krónur, má verja helming vaxtanna samkvæmt ákvörðun 3. greinar; en þegar hann er orðinn 5000 krónur þá má verja  $\frac{2}{3}$  vaxtanna á sama hátt.

54  
21. júní

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning sjóðsins endurskoði 2 hreppsnefndarmenn Borgarhrepps, sem stjórnarkonur sjóðsins tilnefna. Svo skulu reikningarnir með umsögn endurskoðenda sendir sýslunefnd Mýrasýslu til fullnaðarsamþykta.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda sjerstaka gjörðabók, sem í sju bókaðar allar framkvæmdir sjóðstjórnarinnar, svo sem úthlutun styrktarfjár, kosningar, ársreikningar og sjerhvað annað, sem snertir hag sjóðsins.

## 9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ölvaldsstöðum, 25. apríl 1928.

*Elísabet Fjeldsted. Ragnhildur Erlendsdóttir. Guðfríður Jóhannesdóttir.*

55  
21. júní

## REGLUGJÖRD

um

**notkun vatns og vatnsskatt í kaupúninu í Keflavík.**

## 1. gr.

Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps sjer um, að jafnan sju til í kaupúninu nægileg og trygg vatnsból til afnota fyrir íbúa þess.

Skal þar til kjörin vatnsnefnd annast um viðhald þeirra, en notendur greiði vatnsskatt eins og hjer segir:

- a. Af öllum íbúðarhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsbólavæðinu, er hreppsnefnd ákveður fyrir 1 ár í senn, skal greiða í vatnsskatt  $2\frac{1}{2}^0/00$  af fasteignarmatsverði þeirra, af íshúsum, gufubræðsluhúsum og brauðgerðarhúsum  $3\frac{1}{2}^0/00$  og af öllum öðrum húsum  $1\frac{1}{4}^0/00$ .
- b. Fyrir hverja kú greiðist kr. 2.00.
- c. Fyrir hvern hest greiðist kr. 1.00.
- d. Mótorbátar er hafa vatnsveljar greiði kr. 10.00 hver.
- e. Skip er kynnu að taka vatn, greiði kr. 0.50 fyrir hverja tunnu (120 lítra).